

Árið 2014, 27. júní er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er í dómsal embættisins að Austurvegi 4 á Selfossi af Ragnheiði Thorlacius dómsformanni og héraðsdómara, Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra og Sigurði G. Gíslasyni héraðsdómara, í málinu nr. S-47/2014:

Ákærvaldið

(Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

A

(Leifur Runólfsson hdl.)

kveðinn upp svohljóðandi

dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð þann 13. júní sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 21. janúar sl., á hendur ákærða, A „fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins [...] 2012, [...], með ofbeldi þröngvað B, til samræðis, en ákærði reif í hár hennar, hélt höndum hennar niðri og beit hana í neðri vör, og reyndi einnig að setja getnaðarlim sinn í endaþarm hennar. Af þessu hlaut B eymsli í hársverði, neðri vör og í öllum stærri vöðvahópum.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í ákæru er tekin upp einkaréttarkrafa B en krafan er svohljóðandi:

„Einkaréttarkrafa:

Af hálfu C, fyrir hönd ófjárráða dóttur hennar, B, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000. Krafist er vaxta af ofangreindum fjárhæðum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá [...] 2012, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.“

Við þingfestingu málsins þann 27. febrúar 2014 mætti ákærði fyrir dóm ásamt Leifi Runólfssyni hdl., sem skipaður var verjandi ákærða að hans ósk. Ákærði neitaði sök og hafnaði einkaréttarkröfunni. Aðalmeðferð, sem fyrirhuguð var þann 8. apríl sl., var frestað í þinghaldi þann sama dag þegar tekin var fyrir krafa réttargæslumanns brotþola, sem barst dómnum þann 3. sama mánaðar, þess efnis að ákærða yrði vikið úr dómsal meðan brotþoli gæfi skýrslu fyrir dómi. Krafan var tekin til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi áður nefndan dag. Daginn eftir, þann 9. apríl, féllst dómurinn á kröfu brotþola. Ákærði kærði þann úrskurð til Hæstaréttar sem staðfesti úrskurð héraðsdóms með dómi uppkveðnum þann 28. apríl sl.

Aðalmeðferð málsins hófst þann 2. maí sl., með skýrslutöku af ákærða og tólf af þeim sautján vitnum sem boðuð höfðu verið fyrir dóm þann dag. Aðalmeðferð var framhaldið þann 12. sama mánaðar og voru þá teknar skýrslur af þremur vitnum. Með vísan til 2. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008 beindi dómurinn því til ákæranda að afla DNA rannsóknar á sæðisfrumum sem fundust í buxum og kynfærum brotþola og féllst ákærandi á þau tilmæli. Var málinu þá frestað ótiltekið meðan beðið var niðurstöðu rannsóknarinnar. Að fenginni niðurstöðu framangreindrar rannsóknar var aðalmeðferð málsins framhaldið þann 13. júní sl. Þá kom ákærði fyrir dóm og gaf skýrslu og tekin var skýrsla af vitninu D, sérfræðingi hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Að loknum málflutningi þann dag var málið dómtekið.

Ákæruvaldið gerir þær kröfur sem í ákæru greinir. Í upphafi þinghalds þann 2. maí sl., leiðrétti aðstoðarsaksóknari dagsetningu ákæruskjals en þar er útgáfudagur ákæru ranglega sagður vera þann 21. janúar 2013, en hið rétta er að ákæra var útgefin þann 21. janúar 2014.

Af hálfu bótakrefjanda eru gerðar sömu kröfur og í bótakröfu greinir og fram koma í ákæru. Réttargæslumaður leiðrétti bótakröfuna og kvað þar ranglega koma fram að brotþoli hafi verið með áverka á kynfærum.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa, verði hann sakfelldur. Krafast er frávísunar bótakröfu. Verði ekki fallist á þá kröfu er krafast sýknu af bótakröfunni. Komi til sakfellingar er þess krafist að dæmdar skaðabætur verði lækkaðar verulega. Þá krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna úr ríkissjóði sér til handa.

Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, sem E lögreglufulltrúi ritaði, kemur fram að lögregla hafi verið kölluð að [...] vegna máls þessa klukkan 04:40 aðfaranótt laugardagsins [...] 2012, en á þeim tíma fór fram [...]. Þar hafi stúlka, brotþoli í máli þessu, verið inni í sjúkrabifreið og greint frá því að fyrr umrædda nótt hafi maður nauðgað henni í tjaldi [...]. Einnig voru þar stödd vinir brotþola, vitnin F og G. Segir í frumskýrslu að brotþoli, sem hafi verið æst og ítrekað brostið í grát, hafi verið flutt með sjúkrabifreið á sjúkrahúsið [...]. Þá þegar hóf lögregla leit að

ætluðum geranda með aðstoð vina brotaþola.

Í frumskýrslu segir að brotavettvangur, þ.e. tjald það sem brotaþoli og vinkonur hennar, áður nefnd F og H, dvöldust í á [...], hafi verið lítið blátt/grátt kúlutjald sem í hafi verið stór dýna og farangur. Þá er í skýrslunni haft eftir F að í tjaldinu hefðu verið hárlengingar af brotaþola sem rifnað hafi af við hina meintu nauðgun. Tjaldið hafi verið myndað að utan og innan sem og nágrenni. Þá liggja frammi í málinu sex myndir sem teknar voru af ætluðum brotavettvangi umræddan morgun. Á mynd 1 má sjá tjald það sem brotaþoli og vinkonur hennar dvöldust í [...], en tjaldið stóð ásamt nokkrum öðrum tjöldum í nágrenni við [...]. Á myndum 2-6 má sjá hvernig umhorfs var inni í tjaldinu áður en lögregla haldlagði það og færði til rannsóknar á lögreglustöð. Á botni tjaldsins má sjá stóra vindsæng eða dýnu og farangur og svefnpoka þar ofan á og til hliðar. Virðist sem umrædd dýna hafi þakið nær allan botn tjaldsins. Tjaldið var haldlagt og flutt á lögreglustöðina [...] til rannsóknar. Í upplýsingaskýrslu I lögreglufulltrúa kemur fram að í tjaldinu hafi fundist húfa sem hafi svipað til húfu sem ákærði hafi verið með á mynd sem tekin var af honum kvöldið áður [...]. Þá hafi fundist smokkur sem búið var að taka úr pakkningu en fram kemur að ekki sé ljóst hvort hann hafi verið notaður. Einnig hafi fundist leðuról sem ákærði hafi kannast við að eiga. Umrædd dýna hafi verið könnuð en ekki hafi fundist nothæfir blettir til lífsýnatöku.

Meðal gagna málsins er rannsókn D, sérfræðings hjá tæknideild lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, á fatnaði brotaþola og ákærða og munum teknum á vettvangi. Í niðurstöðum kemur fram að í innanverðu klofi síðbuxna þeirra sem brotaþoli klæddist umrædda nótt hafi komið í ljós blettir sem nothæfir hafi verið til DNA kennslagreiningar og gáfu jákvæða svörun við for- og staðfestingarprófum sem sæði og hafi smásjárrannsókn einnig staðfest það. Einnig hafi sáðfrumur verið til staðar á öllum sýnisglerjum frá neyðarmóttöku. Í fötum ákærða, sem rannsökuð voru, fundust engin lífsýni sem nothæf voru til DNA kennslagreiningar. Þá kemur fram að engin lífsýni hafi verið sjáanleg í totu verju/smokks sem fundist hafi í tjaldi brotaþola. Undir rekstri málsins fyrir dómi fór fram rannsókn á framangreindum blettum í síðbuxum brotaþola og stroksýnum sem tekin voru úr kynfærum brotaþola við komu á neyðarmóttöku þann sama dag. Í greinargerð áður nefnds sérfræðings kemur fram að átta blettir hafi fundist í buxum brotaþola sem staðfest hafi verið með smásjárskoðun að í voru sáðfrumur. Þrír þessara bletta hafi verið valdir til rannsókna, skornir úr buxunum og búturnir settir í umslög Til rannsóknar voru einnig send fimm stroksýni á pinnum sem tekin voru úr brotaþola á neyðarmóttöku LSH. Með framangreindum sýnum hafi verið send samanburðarsýni frá brotaþola og ákærða. Gögnin voru þann 12. maí sl., send til DNA greiningar hjá Statens Kriminalteknisk Laboratorium í Svíþjóð. Niðurstöður bárust með bréfi dagsettu þann 28. sama mánaðar. Í tveimur sýnum úr buxum brotaþola var ekki nægilegt magn DNA til að hægt væri að samkenna sýnin. Sama var að segja um stroksýni efst í vagina brotaþola. Hins vegar leiddi DNA greining í ljós að í einum bletti í buxum brotaþola og í stroksýni úr innri kynfærum brotaþola voru DNA snið þau sömu og DNA snið ákærða. Í þremur stroksýnum úr brotaþola var að finna blöndu DNA sniða frá a.m.k. tveimur einstaklingum, þ.e. blöndur DNA sniða frá ákærða og brotaþola. Segir í lok samantektar sérfræðingsins, D, að miðað við þá tækni og aðferðafræði sem hin sænska rannsóknarstofa notar, megi ganga út frá því hvað varðar áreiðanleika niðurstöðunnar, að líkurnar á að finna samskonar snið frá óskyldum einstaklingi er ávallt minni en 1:1.000.000.000.

Eins og áður segir var brotápoli flutt með sjúkrabifreið á sjúkrahúsið [...]. Þar voru tekin tvö blóðsýni úr brotáþola með klukkustundar millibili í þágu rannsóknar málsins án þess að tímasetningar sýnatöku séu tilgreindar. Í upplýsingaskýrslu lögreglu, sem J rannsóknarlögreglumaður, ritaði þann 11. apríl sl., kemur fram að brotápoli hafi verið á leið á sjúkrahúsið [...] klukkan 05:25 umrædda nótt. Klukkan 06:24 hafi lögregla tilkynnt barnavernd um málið og klukkan 09:50 hafi brotápoli lagt af stað [...] til skoðunar á neyðarmóttöku LHS í Fossvogi fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Áðurnefnd sýni hafi því verið tekin innan þess tímaramma sem að framan er getið, þ.e. milli klukkan 05:25 og 09:50 þann [...] 2012. Í matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði kemur fram að í fyrri blóðsýni brotáþola hafi mælst 1,0% alkohól en í því síðara, sem tekið var klukkustund síðar hafi mælst 0,75%. Niðurstaða þvagsýnis hafi verið 1,37%. Segir í matsgerðinni að styrkur alkohóls í blóði brotáþola bendi til þess að hlutaðeigandi hafi verið undir talsverðum áhrifum áfengis þegar sýnin voru tekin. Við lyfjaleit í þvagi fannst þunglyndislyfið flúoxetín og hafi styrkur þess og virka umbrotsefnisins norflúoxetín verið eins og búast mætti við þegar lyfið væri tekið í venjulegum lækningalegum skömmtum. Fram kemur að ekki liggi fyrir gögn til þess að unnt sé að meta hvort flúoxetín hafi aukið við verkun alkohóls.

Brotápoli var eins og áður segir flutt á neyðarmóttöku [...] klukkan 9:50 umræddan dag. Í móttökuskýrslu K, læknis, kemur fram að brotápoli hafi komið framangreindan dag ásamt barnaverndarstarfsmanni til skoðunar. Haft er eftir brotáþola að hún hafi verið [...] ásamt vinum sínum. Þegar brotápoli hafi verið stödd við tjöldin hafi komið þar að maður sem fyrirvaralaust hafi löðrungað brotáþola á vinstri vanga. Þegar brotápoli hafi gert athugasemd við framangreint háttarlag mannsins hafi hann tekið brotáþola og kysst hana og síðan farið á eftir brotáþola inn í tjald. Í því hafi vinir brotáþola farið í burtu. Maðurinn hafi síðan rífið niður buxur brotáþola, lagt hana niður, ítrekað tekið harkalega í hár hennar og skipað henni að sjúga sig sem brotápoli kvaðst hafa neitað að gera. Brotápoli kvaðst allan tímann hafa sagt manningnum að hætta en hann hafi haldið henni niðri, kysst hana og bitið í neðri vör hennar hægra megin, náð henni úr nærbuxum og bol og síðan sett „*vininn inn*“, en brotápoli kvaðst hafa barist um, reynt að koma manningnum af sér og allan tímann öskrað „*hættu, hættu*“. Loks kvaðst brotápoli hafa komist undan og í því hafi vinkona hennar og kærasti hennar komið að.

Fram kemur í skýrslu læknisins að brotápoli hafi grátið og verið reið og sár. Ekki er merkt eða hakað við í dálka sem tiltaka lýsingu á tilfinningalegu ástandi og kreppuviðbrögðum. Í samantekt kemur fram að áverka hafi ekki verið að sjá á líkama brotáþola en hún hafi verið aum í öllum stærri vöðvahópum líkamans, mjög aum í hársverði og með væg eymsli á neðri vör hægra megin. Loks er í skýrslunni gerð grein fyrir sýnatökum og lyfjagiöf.

Meðal rannsóknargagna er vottorð L, sérfræðings á Barna- og unglingsdeild Landspítalans (BUGL). Þar kemur fram að brotápoli hafi verið skjólstæðingur deildarinnar frá árinu 2009. Hún hafi verið greind með ADHD og mótþróaþrjóscuröskun en síðustu ár hafi kvíði og þunglyndiseinkenni einkum verið áberandi. Beitt hafi verið lyfja- og samtalsmeðferð. Kemur fram að brotápoli hafi verið lögð inn í bráðainnlögn 22. [...] til 30. [...] 2012 vegna alvarlegra þunglyndiseinkenna. Niðurstaða innlagnar hafi m.a. verið að brotápoli bæri einkenni streituröskunar eftir áfall. Eftirfylgd sé í höndum göngudeildar.

Samkvæmt vottorði M, sálfræðings í Barnahúsi, dagsett 15. nóvember 2012, kemur fram að brotþoli hafi fram til þess tíma sem vottorðið er ritað sótt tíu viðtöl í Barnahúsi frá 9. [...] 2012. Niðurstaða sjálfsmatsprófs sem tekið hafi verið þann 9. [...] 2012 hafi sýnt alvarlegt þunglyndi, mjög alvarlegan kvíða og alvarlega streitu. Fram kemur að í viðtölum hafi verið unnið samkvæmt aðferðum áfallamiðaðrar hugrænnar atferlismeðferðar sem gangi út á að einstaklingur beri kennsl á tilfinningar, fræðslu, streitustjórnun, hugræna úrvinnslu og kerfisbundna berskjöldun, þ.e. úrvinnslu einstaklings á áfalli og hugsunum og tilfinningum því tengdu. Upplýsingar liggi fyrir um greiningu BUGL og dvöl brotþola þar í kjölfar atburðar þess sem mál þetta fjallar um. Í samantekt og áliti sálfræðingsins kemur fram að fyrst eftir ætlað brot hafi stúlkunni liðið mjög illa. Hún hafi haft mikla sektarkennd, fundið fyrir skömm, grátið mikið, átt erfitt með svefn og borið hafi á sjálfsvígshugsunum. Próf hafi bent til alvarlegs þunglyndis og streitu, ásamt mjög alvarlegum kvíða. Hún hafi átt erfitt með að sinna daglegum verkefnum, s.s. að sækja vinnu og ferðast með almenningsangöngum. Þá hafi sjálfmynd brotþola verið neikvæð og sé meðferð hvergi nær lokið og viðtöl muni halda áfram.

Í skýrslu N lögreglumanns kemur fram að ákærði hafi verið handtekinn klukkan 21:07 laugardaginn [...] 2012 og færður á lögreglustöð. Lagt hafi verið hald á tösku ákærða sem í voru buxur sem ákærði klæddist kvöldið áður. Ákærði gekkst undir læknisskoðun [...]. Í vottorði læknis kemur fram að meint brot ákærða hafi átt sér stað fyrir einum til tveimur sólarhringum og hafi ákærði eftir það farið í sund og skipt um föt. Við skoðun hafi húð ákærða verið heil og hvergi mar, sár eða rispur að sjá og kynfæri án áverka. Loks er gerð grein fyrir sýnatöku.

Ákærði og brotþoli voru yfirheyrð af rannsóknarlögreglu sunnudaginn [...] 2012, en lögreglan [...] tók skýrslur af vitnunum F, G og H deginum áður. Þá voru teknar símaskýrslur af nokkrum vitnum þann 21. nóvember 2012. Rannsókn lögreglu virðist hafa lokið í byrjun desember 2012. Ákæra var eins og áður segir gefin út þann 21. janúar 2014.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst umrædda nótt hafa verið á leið [...] með vini sínum O þegar hann hitti brotþola og fleira fólk við [...] nærri tjaldi brotþola. Fram kom að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Í þeim tilgangi að ná athygli brotþola, sem hann þekkti ekkert, hafi hann slegið brotþola léttan kinnhest. Í framhaldinu hafi hann beðið brotþola fyrirgefningar og boðið koss í afsökunarskyni. Aðspurður hvernig brotþoli hafi brugðist við svaraði ákærði að eftir kinnhestinn hafi þau kysst. Ákærði mundi ekki hvort nærstaddir hafi brugðist við áðurnefndum kinnhesti.

Eftir að hafa kysst fyrir utan tjaldið, líklega um 10 mínútur, hafi brotþoli samþykkt að ákærði kæmi með henni inn í tjaldið hennar, sem hann og gerði. Þá hafi einhverjir verið fyrir utan tjaldið en ákærði gat ekki gert nánari grein fyrir hverjir það voru. Eftir að inn í tjaldið kom hafi þau legið hlið við hlið og kysst, strokið hvort öðru og haft það notalegt saman. Í framhaldi hafi þau farið úr peysunum og haldið áfram að kyssast og strjúka hvort öðru og kvaðst ákærði m.a. hafa strokið yfir brjóst brotþola. Síðan hafi þau farið úr öllum fötunum og haft samfarir um

leggöng í svokallaðri trúboðastellingu, líklega í 15 mínútur. Ekki hafi verið um að ræða annars konar mök. Ákærði kannaðist við að hafa beðið brotþola um munnmök en neitaði að hafa reynt endaparmsmök en sagði að við kynmök fari limurinn stundum út og niður, eins og ákærði orðaði það. Þar sem brotþoli hafi allan tímann tekið á móti kossu hans, losað um buxur hans, strokið honum og verið með í öllu, hafi hann staðið í þeirri trú að hún væri samþykkt samförunum. Sérstaklega aðspurður hvernig þau hafi fækkað fötum sagði ákærði að brotþoli hafa farið úr að ofan en annað hafi verið samvinna þeirra á milli. Þá hafnaði ákærði því að hafa rifið niður um brotþola buxurnar, við það hafi þau hjálpast að.

Ákærði kvaðst hafa spurt brotþola hvernig henni líkaði og hafi hún svarað að henni þætti þetta gott. Hann kvaðst einnig hafa spurt hvort hún „*hafi komið*“ og hafi hún játað því og spurt hann hvort hann „*ætli að koma*“, þ.e. hafa sáðlát. Hann hafi greint brotþola frá því að líklega tækist honum það ekki. Með því hafi þau hætt kynmökum og samförunum þannig lokið. Ákærði tók sérstaklega fram að hann hafi ekki fengið sáðlát í umrætt sinn og sagði að stundum væri það þannig. Ákærði áætlaði að samfarirnar hafi staðið yfir í um 10 mínútur. Ákærði upplýsti að hvorki hafi verið komið inn í tjaldið né komið að því meðan hann og brotþoli voru þar inni.

Brotþoli hafi síðan farið út úr tjaldinu meðan ákærði leitaði að fötum sínum. Brotþoli hafi líklega ekki verið fullklædd þegar hún fór út úr tjaldinu, en við góða líðan. Einhver strákur hafi komið að tjaldinu þegar ákærði var að leita að fötum sínum og aðstoðað ákærða með því að lýsa inn í tjaldið. Umræddur strákur hafi beðið ákærða um að fara út úr tjaldinu því hann, þ.e. strákurinn, og einhver stelpa þyrftu að nota tjaldið. Eftir að út úr tjaldinu kom kvaðst ákærði hafa farið beint í sitt tjald að sofa og ekkert rætt við brotþola. Samskiptum þeirra hafi lokið inni í tjaldinu með því að þau hafi kvaðst.

Ákærði hafnaði þeim framburði brotþola hjá lögreglu að hún hafi mótmælt samförunum. Þá neitaði ákærði að hafi rifið fast í hár brotþola, bitið hana í vörina, haldið um hendur hennar og sagt „*jú þú vilt þetta*“. Ákærði neitaði því ítrekað að samfarirnar hafi verið harkalegar og að hafa gripið í hár brotþola.

Ákærði lýsti aðstæðum sínum í dag, hann sé í háskólanámi og eigi von á barni með sambýliskonu sinni.

Ákærði kom fyrir dóm þann 13. júní sl., og var kynnt niðurstaða DNA rannsóknar á sýnum úr buxum brotþola og kynfærum. Ákærði ítrekaði að hafa ekki fengið sáðlát í umrætt sinn. Í ljósi niðurstöðu rannsóknarinnar var ákærði spurður nánar. Hann kvaðst ekki geta skýrt niðurstöðuna það út með öðrum hætti en að hann hafi lært í skóla að vökvi gæti komið þó svo ekki næðist fullnægging. Taldi hann áfengisástand sitt umrædda nótt ekki skýra að hann hafi ekki orðið þess var að hann hafi haft sáðlát.

Brotþoli, B, kvaðst hafa farið [...] með vinkonum sínum F og H og hafi þær gist saman í tjaldi. Upplýsti brotþoli að í kjölfar [...] hafi vinasamband hennar og H slitnað. Umrædda nótt hafi hún verið undir áhrifum áfengis eftir nokkuð mikla neyslu áfengis, en tók fram að hún hafi vitað „*hvað hún vildi og hvað hún vildi ekki*“, eins og hún orðaði það. Brotþoli kvaðst hafa hitt ákærða, sem hún þekkti ekki, og O vin hans við tjaldið og þau O tekið tal saman. Þá hafi ákærði allt í einu, í

viðurvíst O, slegið hana kinnhest með opinn lófa og líklega hafi það verið þeirra fyrstu samskipti. Brotapoli kvaðst hafa brugðist illa við og sagt vinum sínum F og kærasta hennar, G, frá kinnhestinum og hafi þau sagt ákærða að biðja brotapola fyrirgefningar sem hann hafi gert. Í framhaldinu hafi þau farið að kyssast fyrir utan tjaldið, líklega í 10-15 mínútur.

Brotapoli kvaðst síðan hafa farið inn í tjaldið til að ná í áfengi og mat. Þá hafi vinir hennar, F, G, H og einhver strákur, líklega vinur G, verið fyrir utan tjaldið. Ákærði hafi komið inn á eftir henni, tekið niður um hana buxurnar og brosað. Hún kvaðst hafa tekið þessu sem gríni, farið að hlæja og dregið buxurnar upp aftur. Síðan hafi þau kysst og lagst hlið við hlið á dýnuna í tjaldinu og haldið áfram að kyssast. Brotapoli kvaðst hafa tekið þátt í kossunum og meðan á þeim stóð hafi þau bæði verið fullklædd. Þá hafi „*allt verið í góðu*“. Aðspurð um önnur atlot kvaðst hún hafa strokið bak ákærða meðan þau kysstust. Ákærði hafi ítrekað óskað eftir kynlífi en brotapoli kvaðst hafa sagt honum að hún væri ekki tilbúin til þess, enda hafi hún verið að skemmta sér. Hún hafi sagt honum að sig langaði [...] en á eftir gætu þau farið saman inn í tjald. Fram kom hjá brotapola að vel hefði komið til greina að hafa samfarir við ákærða síðar eftir að þau hefðu náð að kynnast.

Aðspurð hvað langur tími hafi liðið frá því þau fóru inn í tjaldið þar til hún hafi mótmælt ákærða sagði brotapoli að e.t.v. hafi liðið um 15 mínútur, en þau hafi dvalið í tjaldinu í rúma hálfu klukkustund. Síðar í yfirheyrslunni kom fram hjá brotapola að liðið hafi 20-25 mínútur frá því þau hittust fyrir utan tjaldið þar til ákærði hafi rífið í hár hennar og mök byrjað án hennar samþykkis. Brotapoli kvaðst ekki hafa vitað þegar vinir hennar fóru af tjaldsvæðinu [...] en muna eftir að hafa heyrt í þeim í smá stund eftir að hún fór inn í tjaldið. Hún hafi hins vegar frétt það eftir á frá F að hún, þ.e. F, hafi látið brotapola vita áður [...], en brotapoli tók fram að hún hafi ekki orðið vör við það.

Þá lýsti brotapoli því að ákærði hafi gripið í hár hennar og þannig haldið henni niðri. Hún kvaðst hafa beðið hann um að halda ekki svona fast en þá hafi hann gripið um úlnliði hennar og í framhaldinu hafi hann einhvern veginn byrjað að hafa samfarir gegn vilja hennar. Með samförum eigi hún við að ákærði hafi sett getnaðarlim sinn inn í leggöng hennar. Brotapoli kvaðst muna eftir sumum atvikum í tjaldinu en ekki öðrum. Hún kvaðst muna eftir að hafa legið þarna, fundið fyrir ákærða en svo hafi verið eins og hún hafi rankað við sér og orðið vör við að það var vindur úti. Ljóst sé að hana vanti hluta atburðarrásarinnar, þ.e. eftir að samfarir hafi gengið í nokkra stund og hún hafi hætt að streitast á móti, eða gefist upp. Aðspurð hvort hún hafi sofnað eða dottið út, sagði brotapoli það hafa verið eins og hún hafi gefist upp. Brotapoli lýsti því að meðan ákærði hafi legið ofan á henni hafi hann til skiptis haldið henni niðri með því að halda um báða úlnliði hennar eða haldið mjög fast í hár hennar. Þegar hann hafi haldið um úlnliðina hafi hendur hennar legið upp með öxlum. Aðspurð hvernig hún hafi brugðist við þegar ákærði hafði við hana samfarir sagðist brotapoli hafa sagt „*nei*“, „*ég vil það ekki*“, „*ég vildi frekar fara [...] og hann mætti koma með*“ og einu sinni kvaðst hún hafa sagt við hann „*ég er búin að fá það*“ í þeirri von að hann hætti, en það hafi hann ekki gert. Fram kom hjá brotapola að þegar hún hafi sagt „*ég vil þetta ekki*“ hafi ákærði sagt „*jú þú vilt þetta og brosað*“. Þá kvaðst brotapoli hafa sagt „*nei, eins og í mörg önnur skipti*.“ Brotapoli kvaðst hafa reynt að ýta við ákærða þar sem hann lá ofan á henni með því að ýta á öxl hans og líklega síðu. Þegar hann hafi haldið í hár hennar hafi hún notað hendurnar. Þá hafi hún þrisvar sinnum reynt að taka lim hans út. Í þriðja skiptið,

þegar hún rankaði við sér og fékk vit í hausinn aftur, eins og hún orðaði það, hafi það tekist. Í framhaldinu hafi henni tekist að að ýta á öxl ákærða og náð að ýta honum út í horn á tjaldinu þar sem taskan hennar var. Sérstaklega aðspurð kvaðst brotþoli ekki hafa klórað ákærða í þessum tilraunum og á þessum tíma hafi hún ekki verið með neglur. Þá hélt brotþoli að hún hefði ekki kallað á hjálp. Í framhaldinu hafi hún gripið buxurnar sínar, náð að klæða sig í þær og farið út úr tjaldinu eingöngu klædd í brjóstahaldara að ofan. Síðustu samskipti þeirra hafi verið þau að hún hafi sagt ákærða að hún vildi ekki hafa samfarir. Ítrekað aðspurð sagði brotþoli ekkert af samförunum hafa verið með hennar samþykki. Sérstaklega aðspurð um upphaf samfaranna sagði brotþoli að ákærði hafi ítrekað reynt en hún þá svarað að hún vildi fara [...], eins og áður greinir. Upphafið að samförunum hafi verið að ákærði hafi sagt henni að fara úr peysunni.

Brotþoli kvað ákærða hafa reynt að hafa við sig endaparmsmök en ekki náð því. Um annars konar mök hafi ekki verið að ræða. Aðspurð hvort ákærði hafi haft sáðfall sagðist brotþoli ekki vita það. Brotþoli kvað sér hafa liðið undarlega meðan á þessu stóð, „*eins og hún hefði engu um að ráða, eins og ég væri að taka þátt í þessu af því ég fór að kyssa hann, en annars leið mér frekar illa með þetta.*“ Fram kom að lengi á eftir hafi hún haft samviskubit vegna kossanna. Meðan á samförunum stóð kvaðst brotþoli hafa fundið til í hársverðinum, úlnliðunum og neðri vör. Brotþoli kvaðst ekki hafa verið með öðrum manni dagana á undan.

Brotþoli var beðin um að lýsa því hvernig það atvikaðist að hún fór úr fötunum. Hún kvað ákærða hafa sagt sér að fara úr peysunni. Hún kvaðst hafa sagt „*nei*“, en hann þá sagt „*jú og það hafi verið eftir að hann var búinn að rífa í hárið á mér; þannig að ég fór sjálf úr peysunni.*“ Annað muni hún ekki. Sérstaklega aðspurð kvaðst hún ekki muna hvernig það atvikaðist að hún varð buxnalaus og ekki muna hvenær ákærði hafi farið úr að ofan en hann hafi verið með buxurnar á hælunum.

Í því að hún kom út úr tjaldinu hafi vitnið G og F komið að. F hafi spurt hvort eitthvað væri að en brotþoli kvaðst hafa neitað því en beðið G um að reka ákærða út úr tjaldinu án þess að greina frá ástæðu beiðninnar. Brotþoli kvað G hafa farið inn í tjaldið, dvalið þar stutta stund en brotþoli kvaðst ekki vita hvað honum og ákærða fór á milli, en svo hafi virst sem ákærði vildi ekki fara strax. Hann hafi síðan brosað eða glott til hennar og gengið í burtu. Brotþoli kvað sér hafa liðið undarlega þegar út úr tjaldinu kom, hún hafi ekki vitað hvort hún ætti að segja frá atburðinum eða ekki. Hún hafi velt fyrir sér að ef hún greindi frá atvikum myndi það skemma veruna á [...]. Þá hafi það einnig haft áhrif að hún hafi aðeins haft leyfi frá föður sínum til að fara [...]. Brotþoli kvað F strax hafa skynjað að eitthvað væri að því hún hafi ítrekað spurt hana á leiðinni [...] hvað hafi gerst. Brotþoli kvaðst hafa sagt henni að það væri ekkert að, þau hafi bara sofið saman. Aðspurð hvað hafi orðið til þess að hún hafi sagt frá atburðinum svaraði brotþoli „*Hvað var til þess. Það var bara, það var óvart, ég.*“

Þau hafi síðan sest upp í [...], F og G saman og H og einhver strákur með henni. Þá kvaðst brotþoli hafa fært sig frá hópnum, hringt í frænda sinn P og spurt hann af hverju hann væri ekki þarna að passa hana en ekki þorað að segja honum frá atburðinum. Símtalið hafi átt sér stað hálf tíma eftir að hún fór út úr tjaldinu. Eftir símtalið hafi hún brotnað niður. Orðrétt sagði brotþoli fyrir dómi „*já, þá bara, þá var svona eins og ég fattaði að ég vildi þetta ekki, að ég hafi ekki viljað þetta, og fattaði það bara að það gerðist eitthvað sem átti ekki að gerast, og þá bara*

brotnaði ég niður“. Brotapoli lýsti því að vitnin F og H hafi komið til hennar þar sem hún sat grátandi [...]. Hún kvaðst ekki hafi sagt þeim frá öllu, aðeins „*ég vildi þetta ekki*“ og „*fyrirgefðu*“. Líklega hafi hún verið að biðja þær fyrirgefningar á því að hún fór að gráta og stelpurnar í framhaldinu þurft að slíta sig frá strákunum. Taldi brotapolí að þær hafi dregið þá ályktun að um nauðgun hafi verið að ræða. Aðspurð hvernig það hafi atvikast að lögreglan frétti af málinu sagði brotapolí að stúlkurnar og G hafi reynt að fá hana inn í tjald til að slaka á og sofna og hafi áður nefndur G haldið utan um hana, en hún farið út úr tjaldinu og krakkarnir síðan komið á eftir henni þar sem hún var grátandi. Í því hafi kona í gulu vesti komið að og fylgt brotapolá í lögreglu- eða sjúkrahúsi. Brotapolí kvaðst ekki hafa verið viljug til að tala við lögregluna, hún hafi viljað komast út úr lögreglubifreiðinni.

Sérstaklega aðspurð kvaðst brotapolí aldrei hafa notað hárlengingar, e.t.v. hafi H verið með slíkt. Þá staðfesti brotapolí að hafa umrætt kvöld klæðst þeim svörtu íþróttabuxum sem rannsakaðar voru og sjá má á mynd sem eru meðal gagna málsins. Kvaðst brotapolí bæði hafa klæðst umræddum buxum áður en hún fór inn í tjaldið og einnig eftir að hún fór út úr tjaldinu og verið í þeim allt þar til þær voru teknar á LSH. Brotapolí upplýsti að hafa ekki verið í nærbuxum umrætt kvöld en gat ekki gefið skýringu á því.

Borið var undir brotapolá svar hennar við spurningu lögreglu í skýrslutöku daginn eftir atburðinn um hvort eitthvað standi eftir sem hann, þ.e. lögreglumaðurinn, hafi ekki spurt hana um: „*Nei, ég bara viss um að þú trúir mér, að þú farir ekki til hans og þú veist heldur bara að ég sé eitthvað að reyna að fá eitthvað ógeðslegt athygli, ég vil bara vera viss með það.*“ Brotapolí kvaðst á þessum tíma hafa óttast að lögreglan teldi hana vera að sækjast eftir athygli vegna þess að eftir að hafa sagt fjölskyldu sinni sannleikann um óskýlt málefni tengt fjölskyldumeðlimum hafi í kjölfarið allt farið í háa loft.

Aðspurð um líkamlega líðan eftir atburðinn kvaðst brotapolí hafa fundið mikið til í hársverðinum og varla geta legið á koddna. Þá hafi hár verið á koddanum dagana á eftir. Einnig hafi hún fundið til í úlnliðunum, lengi kennt til í neðri vör og stundum í klofinu þó svo þar hafi ekki verið áverkar. Brotapolí kvaðst nú vera í endurhæfingu á [...]. Illa hafi gengið að stunda vinnu vegna kvíða sem hafi versnað mikið síðan mál þetta kom upp.

Vitnið E, lögreglufulltrúi, staðfesti að hafa ritað frumskýrslu málsins síðar þá sömu nótt, en tilkynning hafi borist lögreglu klukkan 04:40. Kvaðst vitnið hafa rætt við brotapolá, sem hafi verið mjög miður sín, grátið, auðsjánlega verið í sjokki og miklu uppnámi og átt erfitt með að tjá sig. Hún hafi þó greint frá því að henni hafi verið nauðgað. Í framhaldinu hafi hún verið flutt á sjúkrahúsið [...], en vinir hennar vísað lögreglu á tjaldið. Leit að ákærða þá um nóttina hafi ekki borið árangur. Vitnið kvaðst ekki hafa rannsakað tjaldið á vettvangi, aðeins hafi verið teknar myndir, tjaldinu pakkað saman og það flutt á lögreglustöð til frekari rannsóknar.

Vitnið N, lögreglumaður, staðfesti skýrslu sína um leit og handtöku ákærða að kvöldi laugardagsins [...] 2012. Vitnið kvaðst hafa rætt við vini ákærða, O og P, og lagt hald á tösku ákærða. Um ástand ákærða við handtöku vísaði vitnið til skýrslu sinnar.

Vitnið F, vinkona brotþola, kvaðst hafa farið [...] ásamt brotþola og H og þær verið saman í tjaldi. Vitnið minnti að þær hafi hitt ákærða og vin hans fyrir um daginn. Umrædda nótt hafi þær einnig hitt ákærða og vin hans fyrir utan tjaldið þeirra. Þá hafi samskipti ákærða og brotþola verið góð. Aðspurð hvort hún hafi séð þau kyssast fyrir utan tjaldið kvaðst vitnið ekki muna eftir því en vita að þau hafi einhvern tíma kysst. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða löðrunga brotþola en sagðist hafa frétt það síðar. Vitnið gat ekki sagt til um hve lengi þau hafi setið fyrir utan tjaldið áður en þau fóru [...]. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekkert hafa heyrt í ákærða og brotþola eftir að þau fóru inn í tjaldið, en hún hafi látið brotþola vita áður en þau fóru. Hún hafi litið inn í tjaldið og þá hafi ákærði og brotþoli legið hlið við hlið í öllum fötum að tala saman og allt verið í lagi. Brotþoli hafi svarað því til að allt væri í lagi og hún ætlaði ekki að koma með þeim. Líklega hafi þau þá nýlega verið komin inn í tjaldið. Þá taldi vitnið að hún hafi ein litið inn í tjaldið áður en þau fóru í [...]. Vitnið gat ekki sagt til um hve lengi þau hafi verið í umræddri ferð.

Þegar vitnið og G hafi komið að tjaldinu eftir ferðina [...] hafi brotþoli komið hlaupandi út úr tjaldinu á buxum og brjóstahaldara einum klæða. Brotþoli hafi verið mjög skritin, eins og vitnið orðaði það, og vildi að ákærði færi strax út úr tjaldinu. Vitnið kvaðst strax hafa áttað sig á því að eitthvað amaði að brotþola, það hafi ekki leynt sér að brotþola hafi liðið mjög illa. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða en G hafi rekið hann út úr tjaldinu. Einhverju síðar, [...], eftir að vitnið hafi ítrekað spurt brotþola hvað væri að, hafi brotþoli greint frá því að ákærði hafi nauðgað henni. Fram hafi komið hjá brotþola að hún hafi ekki viljað hafa samfarir og öskrað og öskrað. Vitnið og H, sem báðar hafi farið að gráta, hafi beðið brotþola um að tala við einhvern, en það hafi hún ekki viljað. Fram kom hjá vitninu að brotþoli hafi hringt í frænda sinn. Vitnið kvaðst síðan hafa farið með brotþola inn í sjúkrabifreið og einnig aðstoðað lögreglu við að finna ákærða.

Aðspurt um hvort hárlengingar hafi verið í tjaldinu sagði vitnið svo ekki hafa verið. Hún hafi, áður en lögregla tók tjaldið, séð hárlufsur eða hárlökka af brotþola á dýnuni í tjaldinu. Um hafi verið að ræða ljóst og stutt hár, en bæði vitnið og H hafi verið dökkhærðar. Vitnið lýsti því að vör brotþola hafi verið bólgin. Aðspurt sagðist vitnið hafa orðið vör við miklar breytingar hjá brotþola eftir atburðinn, sem sé nú mjög þunglynd, ekki jafn lífsglöð og fyrir atburðinn og þá eigi hún oft mjög erfitt.

Vitnið C, móðir brotþola, kvað barnavernd hafa haft samband við sig umrædda nótt og tilkynnt henni um málið. Í framhaldinu hafi hún farið á neyðarmóttöku. Brotþoli hafi verið aum, niðurbrotin og lítið hægt að ræða við hana. Þá hafi það haft áhrif að brotþoli hafi farið [...] án samþykkis vitnisins. Vitnið staðfesti greiningu brotþola sem fram kemur í gögnum málsins. Fram kom hjá vitninu að eftir þennan atburð hafi tvímælalaust orðið breytingar á líðan brotþola. Fyrst á eftir hafi hún ekkert sofið, grátið mikið, verið mjög kvíðin og ekki viljað vera ein. Í kjölfar sjálfsmorðshugleiðinga hafi hún svo verið lögð inn á BUGL. Nú sé hún í endurhæfingu og m.a. að reyna að vinna úr þessum atburði. Enn í dag fari hún að gráta ef á málið sé minnst, enda mjög grátgjörn í kjölfar atburðarins. Fram kom að brotþoli hafi sagt vitninu undan og ofan af atburðinum. Þau hafi farið að kyssast, hún hafi viljað fara [...] og sagt við hann „nei ég vil þetta ekki“, en hann ekki

stoppað.

Vitnið *G*, vinur brotþola og fyrrverandi kærasti vitnisins *F*, kvaðst hafa verið ásamt vini sínum, *Q*, brotþola, ákærða, áður nefndri *F* og *H* við tjald stelpnanna [...]. Aðspurður um samskipti brotþola og ákærða fyrir utan tjaldið sagðist vitnið ekki muna það nákvæmlega en sér hafi virst allt vera í lagi þeirra í milli. Þá kom fram að ákærði og brotþoli hafi farið inn í tjaldið og allt virst í lagi. Vitnið gat ekki sagt til um hve lengi ákærði og brotþoli voru fyrir utan tjaldið og hann kvaðst ekki hafa litið inn í tjaldið áður en hann fór með hinum krökkunum í ferð [...]. Undir vitnið var borið það sem fram kemur í skýrslu sem lögregla tók af honum að morgni [...] 2012, að hann teldi að liðið hafi í mesta lagi 10 mínútur frá því brotþoli og ákærði fóru inn í tjaldið þar til þau hin fóru í ferð [...]. Vitnið staðfesti að þetta gæti staðist.

Vitnið kvað þau hafa farið einn eða tvo hringi [...] og líklega verið í klukkutíma í burtu. Þegar þau, þ.e. vitnið og vitnið *F*, komu aftur að tjaldinu hafi brotþoli stokkið út úr tjaldinu klædd buxum og brjóstahaldara. Vitnið kvað sér hafa brugðið, farið úr peysunni og breitt hana yfir brotþola sem hafi beðið sig um að segja ákærða að fara. Nánar aðspurður kvaðst hann hafa haldið að þetta væru einhver fíflalæti. Líðan brotþola hafi virst í góðu lagi. Vitninu var kynnt það sem haft var eftir honum í frumskýrslu lögreglu, þ.e. að brotþoli hafi virst í miklu uppnámi þegar hún kom út úr tjaldinu. Einnig var vitninu kynnt það sem fram kom í skýrslugjöf vitnisins hjá lögreglu þess efnis að brotþoli hafi virst hress. Vitnið tók fram að umrædda nótt hafi hann verið blindfullur, langt sé um liðið, en hann minni að brotþoli hafi ekki komið grátandi út úr tjaldinu.

Vitnið kvaðst hafa farið inn í tjaldið til ákærða. Ákærði hafi verið ber að ofan og verið að hneppa buxunum. Ákærði hafi síðan farið út úr tjaldinu en nánar gat vitnið ekki lýst samskiptum þeirra. Aðspurður kvað hann það vel geta verið að hann hafi hjálpað ákærða að finna fötin sín. Í framhaldinu hafi þau, þ.e. vitnið, *F* og brotþoli, farið [...] en þá hafi dagskrá verið lokið. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir því að brotþoli hafi setið [...] hágrátandi og þá hafi *F* og *H* farið til hennar. Vitnið kvaðst síðar hafa gengið til þeirra og þá hafi líklega *F* sagt honum að brotþola hafi verið nauðgað. Hann hafi þá strax látið gæsluna vita sem hafi tekið við brotþola. Í framhaldinu hafi tekið við skýrslutökur og einnig kvaðst vitnið hafa aðstoðað lögreglu við að leita að ákærða á svæðinu. Þá kvaðst vitnið hafa farið upp á sjúkrahús og hitt brotþola og *F* sem hafi við leit á fésbókinni fundið upplýsingar um ákærða sem þau hafi greint lögreglu frá.

Vitnið *O*, æskuvinur ákærða, kvaðst hafa verið með ákærða þegar hann hitti brotþola og vini hennar við tjald þeirra. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða slá brotþola létt utan undir í þeim tilgangi að ná athygli hennar. Í fyrstu hafi brotþoli ekki verið ánægð en fljótlega hafi ákærði og brotþoli farið að kyssast. Þar sem hann hafi séð að eitthvað væri í gangi á milli þeirra hafi hann, nokkrum mínútum síðar, farið í burtu. Hann hafi því ekki séð þau fara saman inn í tjaldið. Kvað hann vini brotþola hafa farið frá tjaldinu á sama tíma. Næst kvaðst vitnið hafa séð ákærða þegar hann kom inn í tjaldið þeirra að sofa síðar um nóttina.

Vitnið *P*, frændi brotþola, staðfesti að brotþoli hafi hringt í hann þar sem hann var staddur á [...] umrædda nótt. Brotþoli hafi verið grátandi og sagt eitthvað á þá leið, „af hverju ertu ekki hérna að passa mig“. Vitnið kvaðst hafa bent henni á að

vera hjá vinum sínum og reyna að hafa gaman. Vitnið tók fram að brotaþoli hafi ekki sagt sér hvað gerst hafi um kvöldið en hringt daginn eftir og þá greint frá því að henni hafi verið nauðgað.

Vitnið *I*, lögreglufulltrúi, lýsti aðkomu sinni að rannsókn málsins og staðfesti skýrslu um rannsókn á tjaldi brotaþola. Notað hafi verið útfjólublátt ljós við leit að blettum í dýnu á tjaldinu en ekkert hafi komið í ljós sem hægt hafi verið að nota vegna sýnatöku. Í tjaldinu hafi öllu ægt saman, fatnaði, farangri og dýnu. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki muna eftir hárflyksum í tjaldinu en einstök hár hafi verið á dýnunni eins og algengt sé þar sem fólk sefur.

Vitnið *K*, læknir, sem tók á móti brotaþola á neyðarmóttöku umrædda nótt, staðfesti skýrslu sína. Vitnið kvaðst ekki muna hvernig andlegu ástandi brotaþola hafi verið háttað en samkvæmt skýrslu sinni hafi hún grátið og verið reið og sár. Vitnið staðfesti að líkamlegir áverkar hafi ekki verið sjáanlegir á brotaþola, en vitnið mundi að við þreifingu hafi fundist eymsli í hársverði, sem hafi komið heim og saman við sögu brotaþola um að rífið hafi verið í hár hennar. Einnig hafi verið þreifíeymsli í öllum stærri vöðvahópum en vitnið mundi ekki hvort brotaþoli hafi kvartað undan eymslum í lærisvöðvum, kálfum, upphandleggjum, bringu og brjóstvöðvum en þau svæði falli undir stærri vöðvahópa. Brotaþoli hafi ekki kvartað undan eymslum í úlnliðum. Vitnið tók fram að þar sem hún hafi ekki haft sjúkrasögu brotaþola geti verið að umrædd eymsli hafi verið fyrir. Vitnið kvað mögulegt að eymsli í hársverði komi eftir hnjask en hvort það hafi verið eftir hárreytingu, fall eða högg kvaðst vitnið ekki geta metið. Fram kom að ekkert laust hár hafi komið við kembingu en oft losni hár við hárreytingu, þó varla einhverja daga á eftir. Hins vegar sé mjög erfitt sé að segja til um slíkt enda hárlos mismunandi milli manna. Vitnið kvað ólíklegt að hárlos gæti stafað af notkun kemískra efna, slíku fylgi frekar sviði eða kláði. Vitnið kvað engan áverka hafa sést á neðri vör brotaþola en hún hafi kvartað undan eymslum.

Vitnið *L*, sérfræðingur á barna- og unglingadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss (BUGL) staðfesti skýrslu sína og vísaði í framburði sínum til umrædds læknisvottorðs. Fram kom að einkenni brotaþola hafi versnað til muna í kjölfar atburðar þess sem mál þetta fjallar um og hafi brotaþoli verið lögð inn á BUGL vegna alvarlegra þunglyndiseinkenna og niðurstaða greiningar hafi verið áfallastreituröskun, þ.e. einstaklingur hafi upplifað lífshótun eða mjög alvarlegan atburð. Það að verða fyrir nauðgun falli undir greiningu sem þessa. Vitnið kvað lyf það sem brotaþoli hafi tekið á umræddum tíma ekki hafa aukið áhrif áfengis.

Vitnið *M*, [...] sálfræðingur hjá Barnahúsi staðfesti skýrslu sína í málinu. Fram kom að brotaþoli hafi í tilefni þessa atburðar sótt tólf viðtöl hjá vitninu í Barnahúsi á tímabilinu [...] 2012 til 4. febrúar 2013. Brotaþoli, sem hafi í fyrsta viðtali verið í miklu uppnámi og með samviskubit, hafi unnið vel í viðtölunum. Þá verði að hafa í huga að brotaþoli hafi orðið fyrir talsverðum áföllum fyrir þennan atburð, m.a. hafi verið um að ræða erfiðleika í skóla. Við slíkar aðstæður og vegna greininga brotaþola verði einkenni oft meiri og erfiðara að vinna úr reynslu sem þessari. Unnið hafi verið með áfallamiðaða hugræna atferlismeðferð eins og nánar greinir í framangreindu vottorði. Áfallaeinkenni hafi verið mikil eins og reikna má með eftir slíkan atburð. Þá hafi borið á sjálfsvígshugsunum sem hafi leitt til innlagnar á BUGL síðari hluta [...]mánaðar. Vitnið gerði grein fyrir frásögn brotaþola af atburðinum og var hún með svipuðum hætti og frásögn brotaþola fyrir dómi. Fram

kom að móðir brotaþola hafi greint frá miklum erfiðleikum brotaþola eftir atburðinn og hegðunarbreytingum.

Vitnið *H*, kvaðst hafa kynnst brotaþola nokkrum dögum fyrir [...] og farið með henni og *F*, sameiginlegri vinkonu þeirra, [...]. Vitnið, sem kvaðst hafa verið nokkuð ölvuð umrædda nótt, kvaðst hafa komið að tjaldi þeirra vinkvenna og þá séð brotaþola og ákærða kyssast fyrir utan tjaldið og stuttu síðar hafi þau farið saman inn í tjaldið. Vitnið kvaðst hafa setið fyrir utan tjaldið ásamt *F*, *Q* og *G* þegar brotaþoli hafi kallað innan úr tjaldinu og beðið þau um að fara, [...] eða eitthvað frá tjaldinu. Þau hafi neitað en brotaþoli þá ítrekað beiðni sína og þau farið. Vitnið kvaðst hvorki hafa litið inn í tjaldið áður en þau fóru, né minnst þess að *F* hafi gert það. Vitnið kvaðst ekki hafa séð brotaþola fyrr en nokkru síðar og þá [...]. Brotaþoli hafi verið mjög skritin, brotnað niður og virst sem hún hafi fengið taugaáfall. Hún hafi sagt við vitnið og *F* aftur og aftur „ég vildi þetta ekki, ég vildi þetta ekki“ og hágrátið. Vitnið kvaðst ekki muna hvort brotaþoli hafi greint þeim frá því hvað amaði að henni, en skilið brotaþola þannig að henni hefði verið nauðgað. Hún kvaðst hafa trúað brotaþola sem hafi verið niðurbrotin. Í framhaldinu hafi þær vinkonur reynt að fá brotaþola til að kæra og leita aðstoðar sem hún hafi síðan gert með aðstoð *F*. Vitnið kvaðst, ásamt *Q*, hafa aðstoðað lögreglu þegar hún leitaði ákærða um nóttina. Fram kom að vitnið og brotaþoli hafi verið í litlum samskiptum eftir umræddan atburð.

Þegar vitninu var bent á að hún hafi ekki greint lögreglu frá því í skýrslutöku daginn eftir að brotaþoli hafi beðið þau um að fara frá tjaldinu ítrekaði vitnið fyrri framburð sinn fyrir dómi um að brotaþoli hefði óskað eftir að þau færu frá tjaldinu. Aðspurt sagði vitnið að örfáar mínútur hafi liðið frá því brotaþoli og ákærði fóru inn í tjaldið þar til vitnið og áðurnefndir vinir hennar fóru. Vitnið kvaðst hafa heyrt, meðan brotaþoli og ákærði voru saman inn í tjaldinu, stunur og þess háttar og þá dregið þá ályktun að brotaþoli og ákærði væru að hafa samfarir. Sérstaklega aðspurt af hverju hún hefði dregið þessa ályktun vísaði vitnið til þess að hafa heyrt stunur í þeim báðum og tók fram að hún hefði setið nálægt tjaldinu. Undir vitnið var borinn framburður hennar hjá lögreglu þar sem hún greindi frá því að hafa heyrt brotaþola segja, stuttu eftir að þau fóru inn í tjaldið, „nei, nei, ekki rassinn eða eitthvað í þá áttina“. Kvaðst hana ráma í þetta og kvað það vel geta verið rétt. Þrátt fyrir þessi orð taldi vitnið allt hefði verið í lagi hjá brotaþola enda engin læti eftir að þessi orð féllu. Fljótlega eftir þetta kvaðst vitnið hafa farið. Vitnið kvaðst, ásamt *F*, síðar hafa litið inn í tjaldið þeirra og þá séð hárlökka af brotaþola út um allt á dýnunni inni í tjaldinu. Síðar kom fram hjá vitninu að umræddir hárlökkar hafa verið við höfðalagið á dýnunni.

Vitnið *D*, sérfræðingur hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti skýrslur sínar um rannsókn á gögnum frá neyðarmóttöku er vörðuðu brotaþola, fatnað og réttarfræðileg gögn frá ákærða og gögn af vettvangi. Ekkert markvert hefði fundist við rannsókn á fatnaði ákærða og gögnum af vettvangi, þ.e. gúmmíverju og húfu, en inni húfunni hefði verið hár og eitt hár í verjunni, en hann ekki rannsakað þau. Hins vegar hafi verið sjáanlegar sáðfrumur á sýnum varðveittum á glerplötum, þ.e. úr kynfærum brotaþola, og staðfestar sáðfrumur í buxum brotaþola, en lögregla hefði ekki óskað eftir DNA kennslagreiningu á umræddu sæði. Vitnið kvað slíka kennslagreiningu vera einu leiðina til að staðfesta frá hverjum umræddar sáðfrumur stöfuðu.

Í skýrslutöku þann 13. júní sl., staðfesti vitnið skýrslu um DNA rannsókn Statens Kriminaltekniska Laboratorium á buxum brotaþola og stroksýnum sem fram fór undir rekstri málsins fyrir dómi og greindi frá niðurstöðum stofnunarinnar. Vitnið upplýsti að í buxum brotaþola hafi verið átta blettir sem hann hafi við frumrannsókn staðfest að innihéldu sæði. Hins vegar hafi fimm af þessum blettum samkvæmt hans rannsókn ekki gefið nægilega góða svörun og því hafi hann valið þrjá bletti úr buxunum og sent til rannsóknar en aðeins einn af þeim blettum hafi innihaldið nægilegt magn sæðis til að hægt væri að samkenna sýnin. Þá hafi einnig verið send til Svíþjóðar fimm stroksýni úr kynfærum brotaþola.

Vitnið Q, sem kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis umrætt kvöld, gat ekki tjáð sig um samskipti brotaþola og ákærða umrædda nótt, en kvaðst hafa frétt frá H, vinkonu brotaþola, að brotaþola hefði verið nauðgað.

Niðurstæða.

Ákærða er gefið að sök nauðgun, með því að hafa í tjaldi [...] aðfaranótt laugardagsins [...] 2012, með ofbeldi, þ.e. með því að rífa í hár brotaþola, halda höndum hennar niðri og bíta í neðri vör hennar, þröngvað brotaþola, sem þá var 17 ára gömul, til samræðis og einnig reynt að setja getnaðarlim sinn í endaparm hennar.

Á umræddum tíma stóð yfir [...] og eins og áður er rakið liggur fyrir að lögreglu barst tilkynning um málið frá sjúkraskýli [...] klukkan 04:40 umrædda nótt. Brotaþoli var flutt þaðan í sjúkrabifreið á [...] klukkan 05:25 og [...] á neyðarmóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss vegna nauðgana klukkan 09:50 og yfirheyrð af lögreglu daginn eftir. Lögregla yfirheyrði vini brotaþola, þau F, G og H, að morgni umrædds dags. Ákærði, sem handtekinn var [...] að kvöldi sama dags og yfirheyrður daginn eftir, hefur frá upphafi rannsóknar málsins neitað sök.

Fyrstu kynni ákærða og brotaþola voru við tjald brotaþola og vinkvenna hennar [...] umrædda nótt. Samkvæmt framburði ákærða og brotaþola má rekja upphaf samskipta þeirra til kinnhests sem ákærði veitti brotaþola, sem samkvæmt framburði hans fyrir dómi þjónaði þeim tilgangi að ná athygli brotaþola. Einnig liggur fyrir að fljótlega eftir það kysstust ákærði og brotaþoli fyrir utan tjaldið. Eftir að hafa kysst í 10-15 mínútur fóru brotaþoli og ákærði inn í áður nefnt tjald. Ber ákærða og brotaþola saman um að þar hafi þau haldið áfram að kysst og látið vel hvort að öðru, ákærði kvaðst m.a. hafa strokið brotaþola og brotaþoli kvaðst hafa strokið bak ákærða.

Þegar ákærði og brotaþoli fóru inn í tjaldið voru vinir brotaþola, sem öll höfðu nýtt áfengis, vitnin F, H og G, fyrir utan tjaldið allt þar til þau fóru [...] stuttu síðar. Vitnið G gat ekki gert grein fyrir samskiptum ákærða og brotaþola fyrir utan tjaldið í skýrslugjöf fyrir dómi, en sagði að allt hefði virst í lagi þegar þau fóru inn í tjaldið. Vitnið F bar fyrir dómi að hafa litið inn í tjaldið áður en þau fóru og þá hafi ákærði og brotaþoli legið hlið við hlið í öllum fötunum, verið að tala saman og brotaþoli greint vitninu frá því að allt væri í lagi og hún ætlaði ekki að fara með þeim í umrædda ferð. Í yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst vitnið hafa kíkt inn í tjaldið

áður en hún fór og þá hafi ákærði og brotþoli verið í fötunum og að kyssast. Framburður vitnisins H, sem kvaðst hafa setið nálægt tjaldinu, var á nokkuð annan veg fyrir dómi. Vitnið kvað brotþola hafa, með því að kalla til þeirra úr tjaldinu, beðið þau ítrekað um að fara [...] eða frá tjaldinu. Ítrekaði vitnið framangreindan framburð sinn eftir að henni var kynnt að þannig hafi hún ekki skýrt frá þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Fyrir dómi greindi vitnið í fyrsta sinn frá því að hafa heyrt stunur í ákærða og brotþola innan úr tjaldinu og að hafa í framhaldi af því dregið þá ályktun að þau væru að hafa samfarir. Undir vitnið var borinn framburður hennar hjá lögreglu þess efnis að hún hafi heyrt brotþola segja „*nei, nei, ekki rassinn eða eitthvað svoliðis*“ og kvaðst vitnið ráma í að hafa greint þannig frá. Með vísan til framburðar vitnisins F um að ákærði og brotþoli hafi verið full klædd þegar hún leit inn í tjaldið áður en hún fór í umrædda ferð og með vísan til framburðar ákærða og brotþola, um að þau hafi, eins og áður er lýst, látið vel hvort að öðrum í einhvern tíma eftir að inn í tjaldið kom, verður að mati dómsins ekki byggt á þeim framburði vitnisins H fyrir dómi að samfarir hafi byrjað áður en vinir brotþola fóru frá tjaldinu.

Framangreindum vitnum ber ekki saman um hve langur tími hafi liðið frá því þau yfirgáfu tjaldið þar til vitnin F og H komu til baka eftir ferð [...] í því að brotþoli kom út úr tjaldinu. Í skýrslutöku hjá lögreglu kvað brotþoli samfarir hafi staðið yfir „*fjörutíu veit það ekki fjörutíu mínútur kannski ég veit það ekki ég var ekki að hugsa mikið um tímann*.“ Fyrir dómi taldi brotþoli að liðið hafi um 15 mínútur frá því þau fóru inn í tjaldið þar til hún greindi ákærða frá því að hún vildi ekki hafa samfarir, en í tjaldinu hafi þau verið í rúma hálf klukkustund. Í skýrslutöku hjá lögreglu taldi ákærði hins vegar að þau hafi verið 5-10 mínútur inni í tjaldinu, en fyrir dómi bar ákærði að samfarir hafi líklega staðið yfir í 15 mínútur. Í skýrslutökum hjá lögreglu bar vitnið G að liðið hafi ein til ein og hálf klukkustund, en vitnið F að liðið hafi um 10-20 mínútur. Vitnin gátu hins vegar ekki gert grein fyrir tímasetningum fyrir dómi. Til þess er að líta að langt er um liðið og að öll voru ungmennin undir áhrifum áfengis umrædda nótt. Að framangreindu virtu er ekki óvarlegt að ætla að liðið hafi að minnsta kosti hálf klukkustund frá því vitnin G og F fóru [...] þar til þau komu aftur að tjaldinu í því að samskiptum ákærða og brotþola lauk.

Ákærði og brotþoli eru því ein til frásagnar um atvik máls inni í tjaldinu eftir að vinir brotþola yfirgáfu tjaldsvæðið allt þar til vitnin G og F komu aftur að tjaldi brotþola. Ákærði lýsti atvikum þannig fyrir dómi að eftir að hafa kysst og strokið hvort öðru, hafi þau farið úr peysunum, haldið áfram að kyssast og strjúka hvort öðru og kvaðst ákærði, m.a. hafa strokið yfir brjóst brotþola. Síðan hafi þau farið úr öllum fötunum og haft samfarir, líklega í 10-15 mínútur, í svokallaðri trúboðastellingu um leggöng brotþola. Ákærði kvað brotþola hafa farið úr að ofan en annað hafi verið samvinna þeirra á milli, m.a. hafi brotþoli losað um buxur hans. Þá hafi brotþoli tekið á móti kossu ákærða allan tímann, strokið honum og verið með í öllu, eins og ákærði orðaði það, og hann því staðið í þeirri trú að hún væri samþykkt samförum. Ákærði neitaði hins vegar að hafa reynt að hafa endaparmsmök við brotþola. Hann lýsti því að við kynmök fari limurinn stundum niður og verður framburður hans skilinn á þann veg að með því geti limurinn rekist óviljandi í endaparmsop. Ákærði kvaðst ekki hafa fengið sáðlát, greint brotþola frá því og þar með hafi samförunum lokið. Þann framburð sinn ítrekaði ákærði eftir niðurstöðu DNA rannsókn á sæðissýnum úr buxum og kynfærum brotþola sem leiddi í ljós að DNA snið sæðis var eins og DNA snið ákærða. Vísaði ákærði til

Þess að vökvi gæti komið þó svo ekki næðist fullnæging.

Brotapoli lýsti því fyrir dómi að um fimmtán mínútum eftir að þau fóru inn í tjaldið hafi ákærði, gegn vilja hennar og þrátt fyrir ítrekuð mótmæli hennar, haft við hana samræði, þ.e. sett getnaðarlim sinn inn í leggöng hennar, rifið í hár hennar og bitið í neðri vör, lagst ofan á hana og haldið henni niðri með því að halda um báða úlnliði hennar. Hún hafi ítrekað reynt að ýta við ákærða og hafi það tekist í þriðju tilraun. Í framhaldinu hafi hún gripið síðbuxur sínar, náð að klæða sig í þær, og farið út úr tjaldinu klædd brjóstahaldara einum klæða að ofan. Brotapoli kvaðst sjálf hafa farið úr peysunni eftir að ákærði hafði rifið í hár hennar en gat ekki greint frá því hvernig hún varð síðbuxnalaus. Fyrir dómi kom fram að umrædda nótt hafi hún ekki klæðst nærbuxum.

Fyrir dómi bar brotþola og vitnunum F og G saman um að brotþoli hafi verið klædd buxum og brjóstahaldara þegar hún kom út úr tjaldinu í því að vitnin komu aftur að tjaldinu. Fyrir dómi kvaðst vitninu G hafa brugðið, farið úr peysunni og breitt yfir brotþola sem hafi beðið hann um að segja ákærða að fara út úr tjaldinu. Líðan brotþola hafi verið í góðu lagi og vitnið staðið í þeirri trú að um fíflalæti hafi verið að ræða. Í skýrslutöku hjá lögreglu lýsti vitnið því að brotþoli hafi komið út úr tjaldinu í buxum, skóm og brjóstahaldara. Hún hafi verið hress en beðið vitnið um að henda ákærða út. Fyrir dómi bar vitnið F að brotþoli, sem komið hafi hlaupandi út úr tjaldinu, hafi verið mjög skritin og ekki hafi leynt sér að brotþola hafi liðið mjög illa. Í skýrslutöku hjá lögreglu lýsti vitnið því að brotþoli hafi verið í einhverju sjokki, greint frá því að hún hafi sofið hjá ákærða og verið pirruð út í hann.

Brotþoli lýsti atvikum þannig fyrir dómi að þegar hún hafi komið út úr tjaldinu hafi F spurt hvort eitthvað væri að en brotþoli neitað því. Þá kvaðst brotþoli hafa greint F frá því á leiðinni [...] að hún hafi sofið hjá ákærða. Brotþola kvaðst hafa liðið undarlega og ekki getað gert upp við sig hvort hún ætti að segja frá atburðinum, og m.a. velt því fyrir sér að ef hún gerði það, myndi það skemma veruna á [...]. Þá hafi það einnig haft áhrif að hún hafi eingöngu haft leyfi föður síns til að fara [...].

Fyrir liggur að eftir þetta fór brotþoli ásamt vitnunum G og F [...] þar sem vitnið H var ásamt vitninu Q. Samkvæmt framburði vitnanna F og H fyrir dómi hafi brotþoli þá brotnað niður, greint frá atvikum og þær dregið þá ályktun að brotþola hafi verið nauðgað. Hafi þau því ítrekað reynt að fá brotþola til að leita aðstoðar og snúið sér til gæslunnar á svæðinu sem kallað hafi til lögreglu. Fyrir dómi kvaðst brotþoli, eftir að hafa greint frá atburðinum, hafa farið aftur inn í tjald þar sem vinir hennar hafi reynt að róa hana. Hún hafi síðan farið út úr tjaldinu en vinir hennar fylgt henni eftir og komið að henni grátandi. Í því hafi gæslukona komið að og fylgt henni í lögreglu- eða sjúkrabifreið. Brotþoli kvaðst ekki hafa viljað tala við lögregluna og viljað komast út úr lögreglubifreiðinni.

Eins og að framan er rakið hófust afskipti lögreglu af málinu fyrir atbeina vina brotþola tiltölulega stuttu eftir atburðinn og leit að ákærða hófst þá þegar. Meðal annars lagði lögregla hald á tjald brotþola og sá vitnið I lögreglufulltrúi um rannsókn þess. Í framburði hans fyrir dómi kom fram að engir blettir hafi verið á dýnu í tjaldinu sem nothæfir hafi verið til sýnatöku. Þegar rannsókn fór fram hafi allt verið á rúu og stúi inni í tjaldinu sem hafi verið flutt í einu lagi á

lögreglustöðina, þ.e. farangur og fatnaður um allt tjaldið. Í skýrslutöku fyrir dómi kvaðst vitnið ekki minnast þess að í tjaldinu hafi verið hárflyksur, en hár hafi verið víðsvegar um tjaldið eins og algengt sé þar sem fólk sefur. Hins vegar bar vitnið F fyrir dómi að hafa séð hárflyksur við höfðalag dýnunnar þegar hún vísaði lögreglu á tjaldið, en í skýrslutöku hjá lögreglu að hafa séð hárlengingar í tjaldinu. Vitnið H bar um það fyrir dómi að hafa séð ljósa hárlökka af brotaþola inni í tjaldinu eftir atburðinn, en þessa lét hún ekki getið í skýrslutöku hjá lögreglu. Aðspurð fyrir dómi kvaðst brotaþoli ekki hafa notað hárlengingar á [...]. Nokkurt misræmi er á framburði áðurnefndra vitna fyrir dómi og hjá lögreglu varðandi ætlaða hárlökka í tjaldinu. Með vísan til framburðar I lögreglufulltrúa fyrir dómi, skýrslu hans um rannsókn á tjaldinu og ljósmynda sem teknar voru áður en tjaldið var flutt á lögreglustöð, telur dómurinn ekki komna fram lögfulla sönnun þess að hárflyksur af brotaþola hafi verið verið í tjaldinu eftir atburðinn.

Tilteknum áverkum brotaþola er lýst í ákæru. Hins vegar er til þess að líta að vitnið K læknir staðfesti fyrir dómi að engir sjáanlegir áverkar hafi verið á brotaþola við skoðun á neyðarmóttöku, en við þreifingu hafi komið í ljós eymsli í hársverði brotaþola sem vitnið kvað hafa komið heim og saman við frásögn hennar um að ákærði hafi rífið í hár hennar. Vitnið tók fram að slík eymsli gætu m.a. stafað af falli eða höggi. Þá hafi ekkert laust hár komið við kemmingu en oft losni hár við hárrøytingu. Brotaþoli hafi kvartað undan eymslum í stærri vöðvahópum, þ.e. lærisvöðvum, kálfum, upphandleggjum, bringu og brjóstvöðvum, en vitnið tók fram hún hafi ekki haft upplýsingar um sjúkrasögu brotaþola og því geti verið að umrædd eymsli hafi verið fyrir. Samkvæmt vottorði um læknisskoðun, sem gerð var á ákærða [...], einum til tveimur sólarhringum eftir atburðinn, var húð hans heil og hvergi að sjá mar, sár eða rispur.

Hér að framan hefur ítarlega verið farið yfir framburð ákærða, brotaþola og annarra vitna fyrir dómi og eftir atvikum hjá lögreglu. Eins og áður er rakið var aðdragandi að samskiptum ákærða og brotaþola stuttur og eru þau ein til frásagnar um atvik inni í tjaldinu eftir að gagnkvæmum kossum þeirra og atlotum lauk. Óumdeilt er að bæði voru undir áhrifum áfengis og bendir niðurstaða á alkóhóli í blóði brotaþola til þess að hún hafi verið undir nokkuð miklum áhrifum áfengis þegar blóðsýni var tekið úr henni á sjúkrahúsi [...] á tímabilinu milli klukkan 05:25 og 9:50 umræddan morgun.

Framburður ákærða, hjá lögreglu og fyrir dómi, einkenndist af stuttum svörum. Hann talaði hægt og þá virðist hann stundum eiga í erfiðleikum með að skilja spurningar sem beint var til hans. Framburður ákærða fyrir dómi um atvik inni í tjaldinu var í öllum meginatriðum með sama hætti og hjá lögreglu.

Framburður brotaþola hjá lögreglu um atburðarásina inni í tjaldinu var í öllum meginatriðum með sama hætti og fyrir dómi, að því undanskildu að hjá lögreglu kvað brotaþoli ákærða hafa fært hana bæði úr nær- og síðbuxum og hún minntist ekki á að ákærði hafi togað í hár hennar áður en hún fór sjálf úr peysunni, en kvað hann hafa skipað sér að gera svo. Þá lýsti hún því hjá lögreglu að ákærði hafi sagt henni að losa belti hans. Brotaþoli kvaðst hafa neitað en mundi þó ekki hvort hún hafi í reynd losað beltið.

Brotaþoli lýsti atvikum í löngu máli hjá lögreglu. Fyrir dómi lýsti brotaþoli því að hafa ítrekað neitað ákærða um nánari kynferðisleg samskipti og ítrekað reynt að ýta

honum ofan af sér en hann hafi haldið henni niðri með því að halda til skiptis um hendur hennar og hár. Þá má ráða af framburði vitnanna G og F að brottför brotþola úr tjaldinu hafi borið að með snöggum hætti og að brotþoli hafi grátið mikið fljótlega eftir að hún kom út úr tjaldinu og staðfestið vitnið E lögreglufulltrúi það fyrir dómi sem lýsti því einnig að brotþoli hafi verið í sjokki, miklu uppnámi og átt erfitt með að tjá sig. Þá liggur fyrir samkvæmt framburði sálfræðings Barnahúss að andleg líðan brotþola var slæm eftir atburðinn og var brotþoli í lok [...]mánaðar umrætt ár lögð inn á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans vegna alvarlegra þunglyndiseinkenna en hún hafði verið skjólstaðingur deildarinnar frá árinu 2009. Hins vegar verður ekki horft fram hjá því við mat á trúverðugleika framburðar brotþola að hún taldi í tvígang ástæður til þess í yfirheyrslu hjá lögreglu að taka fram að hún væri að segja satt og rétt frá. Í fyrra skiptið, undir lok skýrslutökunnar, sem stóð í um eina klukkustund, þegar sagði brotþoli „ég er ekki að ljúga þessu.“ Stuttu síðar, þegar lögregla spurði brotþola hvort hún teldi allt komið fram af hennar hálfu, sagðist brotþoli vilja vera viss um að lögreglan tryði sér, en heldi ekki að hún væri að reyna að fá athygli. Brotþoli var sérstaklega spurð um þessi ummæli sín fyrir dómi og greindi hún frá því að hafa á þessum tíma óttast að lögregla teldi hana vera að sækjast eftir athygli og vísað til slæmrar reynslu af því að hafa sagt fjölskyldu sinni frá óskyldu en erfiðu máli sem tengdist tilteknum fjölskyldumeðlimum. Þá kvaðst brotþoli fyrir dómi að hafa, eftir símtal við frænda sinn [...], stuttu eftir atburðinn, brotnað niður og „fattað“, eins og brotþoli orðaði það, að „ég vildi þetta ekki, að ég hafi ekki viljað þetta, og fattaði það bara að það gerist eitthvað sem átti ekki að gerast“.

Ákærði hefur frá upphafi rannsóknar málsins staðfastlega neitað að hafa beitt brotþola ofbeldi til að ná fram vilja sínum og vísað til þess að samræðið hafi verið með samþykki brotþola sem hafi í verki sýnt það með því að taka á móti kossum hans, strokið honum, losað um buxur hans og verið „með í öllu“. Að mati dómsins voru viðbrögð brotþola þegar hún kom út úr tjaldinu í þann mund sem vinir hennar komu að ekki trúverðug í ljósi þess ofbeldis sem hún greindi frá að hafa orðið fyrir af hálfu ákærða og var að flýja undan. Þá liggur fyrir í málinu að engir líkamlegir áverkar voru sýnilegir á brotþola við skoðun á neyðarmóttöku og niðurstaða rannsóknar lögreglu á umræddu tjaldi staðfesti ekki frásögn brotþola um að hún hafi verið hárreytt. Að þessu öllu virtu og þess sem að framan greinir og varðar trúverðugleika framburðar brotþola, er það niðurstaða dómsins að fyrir hendi sé skynsamlegur vafi um að ákærði hafi með ofbeldi þröngvað brotþola til samræðis eins og í ákæru greinir. Með vísan til þess og 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, ber því að sýkna ákærða af broti gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu er bótakröfu brotþola vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.

Sakarkostnaður

Með vísan til 2. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skal allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Leifs Runólfssonar héraðsdómslögmanns, sem ákvarðast 790.650 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 12.528 krónur í akstur.

Allur annar útlagður sakarkostnaður samkvæmt yfirliti sækjanda og framlögðum reikningum, 368.156 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Einnig greiðist úr ríkissjóði þóknun réttargæslumanns brotaþola, Elvu Daggar Ásudóttur Kristinsdóttur héraðsdómslögmanns, sem ákvarðast 746.892 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 79.344 krónur í ferðakostnað vegna starfa hennar á rannsóknarstigi málsins og vegna starfa hennar við að halda fram kröfunni fyrir dómi. Um þóknun réttargæslumanna vísast til 48. gr., a. liðar 1. mgr. 216. gr. og 2. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Af hálfu ákærvaldsins flutti Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir aðstoðarsaksóknari málið.

Ragnheiður Thorlacius, dómsformaður og héraðsdómari, Hjörtur O Aðalsteinsson, dómstjóri og héraðsdómari, og Sigurður G. Gíslason héraðsdómari, kváðu upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, A, skal vera sýkn af öllum kröfum ákærvaldsins í máli

þessu.

Skaðabótakröfu C, f.h. ófjárráða dóttur hennar, B, er vísað frá dómi.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Leifs Runólfssonar hdl., 790.650 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 12.528 krónur í ferðakostnað. Úr ríkissjóði greiðist einnig annar útlagður sakarkostnaður, 368.156 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Elvu Daggar Ásudóttur Kristinsdóttur hdl., 746.892 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 79.344 krónur í ferðakostnað.

Ragnheiður Thorlacius

Hjörtur O Aðalsteinsson

Sigurður G. Gíslason

